

## ALMENN YFIRLÝSING UM SKJALASÖFN

Skjalasöfn varðveita ákvarðanir, aðgerðir og minningar. Skjalasöfn eru einstakur og óbætanlegur menningararfur sem hver kynslóð skilar annarri. Frá upphafi miðar starfsemi skjalasafna að því að varðveita gildi þeirra og merkingu. Þau eru traust uppspretta upplýsinga sem styrkir grundvöll ábyrgra og gagnsærra stjórnvaldsaðgerða. Þau gegna lykilhlutverki í þróun þjóðfélaga með því að vernda og viðhalda minni/þekkingu einstaklinga og samfélaga. Opinn aðgangur að skjalasöfnum auðgar þekkingu okkar á mannlegu samfélagi, eflir lýðræði, verndar réttindi borgaranna og eykur lífsgæði.

### Með hliðsjón af ofanskráðu viðurkennum við:

- **einstök gæði** skjalasafna sem óbyggjandi vitnisburð um aðgerðir á sviði stjórnsýslu, menningar og fræða og sem spegilmynd þróunar þjóðfélaga;
- **brýna nauðsyn** skjalasafna til að styðja við skilvirkni viðskiptalífs, áreiðanleika og gagnsæi, til að vernda réttindi borgaranna, til að varðveita einstaklingsbundið og sameiginlegt minni/þekkingu, til að skilja fortíðina og til að skjala nútíðina til leiðsagnar fyrir framkvæmdir framtíðar;
- **fjölbreytni** skjalasafna sem felst í að skrá sérhvert svið mannglegra athafna;
- **margbreytileika** gagnasniða sem skjalasöfnin varðveita, þar á meðal pappír, rafræn gögn, hljóð- og myndgögn og fleira;
- **hlutverk skjalavarða** sem þjálfaðra fagmanna með grunnmennun og símenntun, sem þjóna þjóðfélagi sínu með því að styðja við söfnun skjala, velja úr þeim og viðhalda þeim og gera þau aðgengileg;
- **samábyrgð allra** – borgara, opinberra stjórnvalda og ráðamanna, eigenda og forráðamanna opinberra skjalasafna og einkaskjalasafna, skjalavarða, upplýsingafræðinga – á starfrækslu skjalasafna.

### Við munum því vinna saman að því að:

- setja viðeigandi opinbera skjalastefnu og lög og tryggja framkvæmd þeirra;
- stjórnun skjalasafna sé metin að verðleikum og innt af hendi af fagmennsku af öllum hlutaðeigandi aðilum, opinberum og einkalegum, sem stofna til skjalasafna og nota þau í starfsemi sinni;
- viðhlítandi aðföng séu til staðar til að styðja eðlilega starfrækslu skjalasafna, þar með talin ráðning þjálfaðra fagmanna;
- skjalasöfn séu starfrækt og varðveitt með þeim hætti að uppruni þeirra, áreiðanleiki, heilleiki og nothæfi/gagnsemi sé tryggð;
- skjalasöfn séu gerð aðgengileg öllum, en þess jafnframt gætt að farið sé að lögum og réttur einstaklinga, höfunda, eigenda og notenda sé virtur í hvívetna;
- skjalasöfn séu notuð til að stuðla að eflingu ábyrgs þegnskapar.